

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994-2014, stækkun íbúðarsvæðis við Akurgerði og Vogagerði í Vogum.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 26. september 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994-2014 frá 16. nóvember 1994.

Breytingin felst í því að íbúðarsvæði, milli Akurgerðis og Vogagerðis stækkar til suðurs um 20 metra á kostnað opins svæðis til sérstakra nota. Vegna stækkunar íbúðarsvæðisins hliðrast göngustígar á opna svæðinu til suðurs um nokkra metra og felldur er niður göngustígur sem gert var ráð fyrir gegnum íbúðarsvæðið frá Vogagerði að göngustíg við sjóvarnargarð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 26. september 2006.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 10. október 2006